

Síldarvinnslan hf  
Þórhallur Jónasson  
Hafnarbraut 6  
740 Fjarðabyggð

2005100085  
7300; 9310

Reykjavík, 11. janúar 2006  
/--

**Efni: Breytingar á tækjabúnaði fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar á Neskaupstað, Fjarðabyggð. Ákvörðun um matskyldu.**

Vísað er til erindis Hönnunar hf. fyrir hönd Síldarvinnslunnar hf dags. 25. nóvember 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynntar breytingar á tækjabúnaði fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar á Neskaupsstað samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fjarðarbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar og bárust umsagnir frá Fjarðabyggð með bréfi dags. 16. desember 2005, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 12. desember 2005 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 28. desember 2005. Frekari upplýsingar bárust frá Hönnun hf. fyrir hönd Síldarvinnslunnar hf. með bréfi dags. 4. janúar 2006.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að tilgangur framkvæmdanna sé að auka uppgufunarafköst verksmiðjunnar, auka afköst í vinnslu hráefnis, minnka hlutfallslega olíunotkun í vinnslunni og bæta orkunýtingu. Fram kemur að hámarksafköstin muni aukast um 300 tonn af hráefni á sólarhing, eða úr 1100 tonn í 1400 tonn af hráefni á sólarhring. Allt að 38% minni olíunotkun muni leiða til minna útstreymis brunagasa á borð við kotvísýring ( $\text{CO}_2$ ) og brennisteinstvíoxíð ( $\text{SO}_2$ ). Fram kemur að fyrirhugaðar breytingar feli helst í sér uppsetningu á nýjum eimingatækjum og gufuþurrkara auk þess sem stefnt sé á afkastaaukningu á skilvindukerfi verksmiðjunnar, endurbætur á blöðvatnskerfinu og breytingum á suðukerfinu til að nýta glatvarma frá eimingatækjum og gufuþurrkara. Fram kemur að nýr gufuþurrkari muni afkasta 5 tonnum/klst og með nýjum soðeimingartækjum muni eimingarafköst aukast um 14 tonn/klst. Verksmiðjubygging verður stækkuð að flatarmáli um 6% með tengibyggingu milli bræðsluhúss og verksmiðjuhúss.

### **Loftmengun og lykt**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ýmis brunagös myndist við brennslu svartolíu í verksmiðjunni sem berist út í andrúmsloftið. Með minni olíunotkun á hvert unnið hráefnistonn í kjölfar fyrirhugaðra breytinga muni magn brunagasa minnka í sama hlutfalli. Fram kemur að ekki sé talið að meiri lykt muni koma frá verksmiðjunni en nú sé að loknum fyrirhuguðum breytingum. Núverandi búnaður muni ekki breytast en gufuburrkarinn tengjast honum. Fram kemur einnig að lykt frá verksmiðjunni sé að mestu háð ferskleika hráefnis og að fyrirhuguð afkastaukning muni auka líkurnar á vinnslu ferskara hráefnis.

### **Frárennsli**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að magn fráveituvatns muni aukast að neinu marki eftir fyrirhugaðar framkvæmdir.

### **Skipulag og leyfi**

Fram kemur að verksmiðjan standi á skipulagðri iðnaðarlóð og ekki þurfi að breyta núverandi skipulagi svæðisins sérstaklega vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

### **Starfsleyfi**

Fram kemur að núgildandi starfsleyfi verksmiðjunnar hafi verið gefið út 14. janúar 2005 og gildi til 1. febrúar 2015. Samkvæmt starfsleyfinu sé verksmiðjunni heimilt að framleiða fiskimjöl og lýsi úr fiski og fiskúrgangi og eru hámarksafköst miðuð við að framleitt sé úr 1100 tonnum af hráefni á sólarhring.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA**

### **Almennt.**

Í umsögnum Fjarðabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum.

### **Starfsleyfi**

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands kemur fram að í starfsleyfi verksmiðjunnar séu sett losunarmörk á fitu, svifefni og COD (chemical oxygen demand) í frárennsli frá henni og nýlegar rannsóknarniðurstöður bendi til þess að losun frá verksmiðjunni sé innan þeirra marka.

### **Útblástur/lyktheyding**

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að gera megi ráð fyrir að heildarlosun brunagasa miðað við óbreytt framleiðslumagn minnki og að losun lyktarefna verði óbreytt. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt sé að komið verði í veg fyrir að lykt berist frá öðrum uppsprettum en útblásturslofti frá framleiðslu og tekið sé á því með eftirfarandi hætti:

- Þetta framleiðslubúnað til þess að koma í veg fyrir leka.
- Hafa fullnægjandi afsog frá helstu tækjum í blautvinnslu svo sem sjóðurum, pressum, sniglum og tönkum.
- Hafa verksmiðjuhús lokað og tryggja góða vélræna loftræstingu. Ræstiloft sé tekið til

meðhöndlunar og þvegið í þvottaturni og hugsanlega meðhöndlað í hreinsibúnaði.

- Tryggja hreinlæti og góða umgengi í verksmiðju og nánasta umhverfi. Hreinsa skuli upp allt hráefni sem fer á gólf og plön þegar í stað.

### **Hráfnisgæði/markgildi**

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að mikilvægt sé að magn reikulla basa í hráefni sem tekið er til vinnslu fari ekki upp fyrir 120 mg N/100g.

### **Frárennsli**

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að lítil aukning verði á losun í frárennsli vegna aukinnar eimingar vökva sem ella hefði fari í frárennsli. Aukning verði á losun á þéttivatni og sjó úr þvottaturnum en það hafi lítil áhrif á heildarlosunina.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða breytingar á tækjabúnaði fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar á Neskaupstað m.a. til að auka uppgufunarafköst verksmiðjunnar, auka afköst í vinnslu hráefnis úr 1100 tonnum í 1400 tonn, minnka hlutfallslega olúnotkun í vinnslunni og bæta orkunýtingu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

Fyrir liggur að núgildandi starfsleyfi verksmiðjunnar var gefið út 14. janúar 2005 og gildir til 1. febrúar 2015. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að endurskoðað starfsleyfi muni taka á ákvæðum um mengunarvarnir er lúta að útblæstri, frárennsli og hávaða. Skipulagsstofnun telur að aukin afköst verksmiðjunnar úr 1100 í 1400 tonn muni ekki auka á áhrif lyktarmengunar ef farið verður að þeim tilmælum sem koma fram í umsögn Umhverfisstofnunar og lúta að aðgerðum til að koma í veg fyrir lyktarmengun frá öðrum uppsprettum en útblásturslofti. Þá telur stofnunin, í ljósi umsagnar Umhverfisstofnunar, að líta beri svo á að áhrif á frárennsli verði óveruleg og að hráfnisgæði muni batna við fyrirhugaðar framkvæmdir sem dragi enn úr hættu á lyktarmengun, Minnkandi olúnotkun miðað við núverandi aðstæður er líkleg, að mati stofnunarinnar, til að hafi jákvæð áhrif. Þá telur stofnunin ekki hættu á hávaðamengun þar sem verksmiðjan er innan skilgeinds iðnaðarsvæðis í nokkuri fjarlægð frá íbúðarbyggð en bendir á að eftir stækkun þurfi að uppfylla mörk reglugerðar 933/1999 um hávaða er lúta að hljóðstigi á iðnaðarsvæði.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Síldarvinnslunnar hf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breytingar á tækjabúnaði fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar á Neskaupsstað, Fjarðabyggð. séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar byggingarleyfi Fjarðabyggðar vegna stækkunar verksmiðjunnar skv. skipulags- og byggingarlögum og starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisrá

ðherra. Kærufrestur er til 13. febrúar 2006.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfissráðuneytið, Fjarðabyggð, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Umhverfisstofnun og Hönnun, Jóhanna Weissappel